

**Nd.**

## **161. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 75 frá 1921, um stimpilgjald.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

### **1. gr.**

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók, er sýna eignafirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða um sölu-afsals að ræða.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

### **Greinargerð.**

Ein aðalorsök þess, að afsals- og veðmálabækur eru eigi nú svo örugg heimild fyrir eignarrétti að fasteignum sem vera þyrfti, er sú, að þeir menn, er fá fasteignir að erfð, láta dragast, kostnaðarins vegna, að láta þinglesa eignarheimild sína (lóðseðil). Er það greiðsla stimpilgjaldsins, sem menn sérstaklega fráfelast, enda virðist það eigi sanngjarnt að taka bæði erfðafjargjald og stimpilgjald af fasteignum, útlögðum við skipti, en aðeins erfðafjargjald af lausafé. Kemur þetta sérstaklega hart niður og er erfitt í framkvæmd, þegar fasteign er útlögð maka, sumpart sem arfur, sumpart upp í búshelming hans. Mun þetta hafa leitt til mismunandi skilnings og framkvæmda á lögnum, og er sú ástæða ein næg til þess, að leitað sé heppilegri og sanngjarnari ákvæða. Er því hér lagt til, að stimpilgjaldið sé fellt alveg niður að því er lóðseðla snertir. Tekjutap ríkissjóðs vegna þessa getur eigi orðið svo tilfinnanlegt, að í það sé horfandi. — Nánar í framsögu.